

L ö g

Nr. 37.
2.
nóvbr.

um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð
og mannvirkjum undir hafnarbyggju.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aidinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju og byggingar og svæði í sambandi við byggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbyggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við byggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbyggjugarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.